



Nefndasvið Alþingis Umhverfisnefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Seyðisfirði 8. febrúar 2007

Alþingi

Erindi nr. P 133/814

komudagur 7. 2. 2007

Umbeðin umsögn SSA

Þskj. 439-395. mál Frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og aðalfundir SSA hafa fjallað um og samþykkt ályktanir um Vatnajökulsþjóðgarð í nokkur ár.

Eftirfarandi eru samþykktir aðalfunda 2003-2004-2005-2006

Vatnajökulsþjóðgarður, 2003

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Breiðdalsvík 21.-22. ágúst 2003 ítrekar enn stuðning sinn við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og hvetur til þess að hann verði að veruleika sem fyrst. Mikilvægt er að samráð sé haft við heimamenn og að nægjanlegt fjármagn sé tryggt til uppbyggingar og reksturs. Bæta þarf aðgengi ferðamanna, auka upplýsingagjöf og efla rannsóknar- og vísindastarf. Fundurinn leggur áherslu á að stjórnun þjóðgarðsins sé í höndum heimamanna og að höfuðstöðvar hans verði í sveitarfélaginu Hornafirði en jafnframt er nauðsynlegt að koma upp svæðamiðstöðvum á nokkrum stöðum umhverfis jökulinn.

Verndarsvæði norðan Vatnajökuls.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Breiðdalsvík 21.-22. ágúst 2003 beinir því til stjórnar SSA að hún beiti sér fyrir því að áfram verði markvisst unnið að verndun samfellds svæðis norðan Vatnajökuls og unnið út frá hugmyndum um þjóðgarð sem kjarna og samspil friðaðra svæða með mismunandi friðlýsingarflokkum.

Áhersla verði lögð á samráð við heimamenn og að tillit verði tekið til hefðbundinna nýttja s.s. landbúnaðar og skotveiða.

Vatnajökulsþjóðgarður 2004

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16-17 september 2004 fagnar stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli sem fyrsta áfanga að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og hvetur til þess að hann verði að veruleika sem fyrst. Mikilvægt er að náði samráð sé haft við heimamenn og að nægjanlegt fjármagn sé tryggt til uppbyggingar og reksturs. Bæta þarf aðgengi ferðamanna, auka upplýsingagjöf og efla rannsóknar- og vísindastarf. Fundurinn leggur áherslu á að stjórnun þjóðgarðsins sé í höndum heimamanna en jafnframt er nauðsynlegt að koma upp svæðamiðstöðvum á nokkrum stöðum umhverfis jökulinn.

Verndarsvæði norðan Vatnajökuls

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 tekur undir margar af tillögum nefndar umhverfisráðherra frá í maí mánuði sl. um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls.

Aðalfundurinn telur hinsvegar nauðsynlegt að vinnu við frekari útfærslu á tillögum nefndarinnar verði framhaldið og leggur áherslu á að fullt samráð verði áfram haft við heimamenn og aðra hagsmunaaðila.

Vatnajökulsþjóðgarður 2005

39. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 styður stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og ítrekar að þegar verði hafist handa við frekari útfærslu á tillögum ráðherraskipaðrar nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls. Litið er á stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli sem fyrsta skrefið í átt að einum stórum þjóðgarði. Því er mikilvægt að lögum verði breytt sem fyrst þannig að sér stjórn verði sett yfir þjóðgarðinn og að nægjanlegt fjármagn til hans verði tryggt á fjárlögum, sem er forsenda þess að þjóðgarður geti staðið undir væntingum.

Aðalfundurinn telur afar mikilvægt að við allan undirbúning að stofnun þjóðgarðsins verði heimamenn og hagsmunaaðilar hafðir með í ráðum og ítrekað er að stjórn hans verði í höndum heimamanna.

Vatnajökulsþjóðgarður 2006

40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006 styður stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og ítrekar fyrri ályktanir um mikilvægi þess að tryggðir verði nægir fjármunir til uppbyggingar og reksturs stærsta þjóðgarðs Evrópu. Áhersla er lögð á að völd og áhrif heimamanna verði tryggð t.d. með þjónustusamningi yfirstjórnar um rekstur og uppbyggingu á einstökum rekstrarsvæðum. Fundurinn leggur áherslu á að við gerð framkvæmdaáætlunar verði þegar hugað að brýnustu úrbótum í Skaftafelli, einum fjölsóttasta ferðamanna- tað landsins.

(snú)---



Með vísan til samþykktu aðalfunda SSA 2003-2004-2005 og 2006 liggur fyrir að SSA er fylgjandi stofnun Vatnajökulshjóðgarðs. Skilyrði er að við allan undirbúning að stofnun hans verði heimamenn og hagsmunaaðilar hafðir með í ráðum .

Tryggja verður fjármagn til uppbyggingar og reksturs hvers áfanga fyrir sig áður en lagt er af stað í verkefnið.


Lögð er rík áhersla á að stjórnunarleg ábyrgð og völd heimamanna verði tryggð.

Einnig að samkomulag náist við eigendur lands í einkeign,sveitarfélög og handhafa nytjaréttar sem gert er ráð fyrir að lendi innan þjóðgarðsins .

Verndarstig einstakra svæða þjóðgarðsins miðist m.a við að hefðbundnar nytjar, geti farið fram með viðlýka hætti innan þjóðgarðsins og verið hefur.

Bættar verði vegsamgöngur í og við næsta nágrenni þjóðgarðsins til að auka tækifæri til atvinnusköpunar og styrkja byggð.

Fh, stjórnar SSA



Þorvaldur Jóhannsson
frankvæmdastjóri SSA